

Fréttatilkynning frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu

Nr. 34/2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir friðun tiltekinna svæða í sjö fjörðum

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason hefur ákveðið að vernda grunnslóð í Öndarfirði, Hrutafirði/Miðfirði, Húnafirði, Skagafirði og Seyðisfirði/Loðmundarfirði með því að banna dragnótaveiðar innan tiltekinna svæða í þessum fjörðum. Er þetta í samræmi við tillögur sem kynntar voru þann 30. apríl 2010. Verður aðgerðum þessum fylgt með sérstökum rannsóknum á fiskgöngum og vistfræði. Ráðherra hefur því undirritað reglugerð um bann við dragnótaveiðum sem mun taka gildi frá og með 7. júní 2010 og gilda til 6. júní 2015 í fyrstu og fylgir hún ásamt samantekt í viðhengi með þessari fréttatilkynningu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu,
1. júní 2010